



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni:** *Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að stutt verði við börn með einkenni ADHD sem eru á biðlista eftir ADHD greiningu*

Á fundi borgarráðs þann 11. júní 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

*Í febrúar sl. voru 674 börn á biðlista eftir ADHD greiningu, þar af 429 að bíða eftir fyrstu þjónustu og 245 börn eftir frekari þjónustu. Þessi langi biðlisti er með öllu ólíðandi. Flokkur fólksins hefur lagt fram tillögur sem lúta að styttingu biðlista m.a. að sálfræðingum verði fjölgað og að samstarf við Þroska- og hegðunarstöð verði formgert. Til að koma til móts við þessi börn og foreldra þeirra leggur Flokkur fólksins til við skóla- og frístundaráð að börnin á biðlistanum fái frekari aðstoð en nú er veitt og sérstaklega við „heimanáám“. Flokkur fólksins leggur jafnframt til að foreldrar barna á biðlistanum fái sérstaka fræðslu um ADHD ásamt ráðgjöf á meðan biðtímanum stendur. Í „snemmtækri ihlutun“ verður að felast fleiri og markvissari úrræði til að létta undir með foreldrum og börnum á meðan bið eftir aðstoð fagaðila stendur. Hvert barn skiptir máli og hvert ár á þessum mikilvægu mótunarárum getur haft áhrif á sálarlíf þess áratugum saman. Það hlýtur að vera vilji borgarstjórnar að tryggja börnum með ADHD betri farveg í grunnskólakerfinu og vonar Flokkur fólksins að nú verði vandinn viðurkenndur og lausnir settar í farveg.*

Skóla- og frístundasvið leggur sig fram um að tryggja öllum börnum í borginni menntun og leitað er ýmissa leiða til þess. Til að tryggja börnum með ADHD eða grun um ADHD viðeigandi úrræði hvort sem beðið er eftir greiningu eður ei hefur ýmislegt verið gert.

Eitt af samvinnuverkefnum velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs er að skoða leiðir til þess að draga megi úr hegðunarvanda barna með gagnreyndri aðferð, svokallaðri PMTO (Parent Management Training Oregon), sem miðar að því að efla foreldrafærni. Fjöldi rannsókna hérlandis og erlendis hafa sýnt fram á góðan árangur sem birtist m.a. í minni hegðunarvanda, aukinni félagsfærni, bættri líðan og betri námsárangri hjá barninu. Þjónustumiðstöðvar

borgarinnar og Barnavernd Reykjavíkur bjóða upp á úrræðið í öllum hverfum. Árið 2020 sóttu 289 foreldrar 400 barna PMTO foreldrafærniámskeið.

Í fyrirlestri sem fyrst var fluttur á Sumarsmiðjum fyrir grunnskólakennara í ágúst 2020 var farið yfir hagnýtar leiðir í kennslu barna með ADHD og hvernig hægt er að auka getu þeirra til náms. Fyrirlestrinum er ætlað að efla þekkingu kennara á ADHD röskuninni og þeim áskorunum sem henni fylgja. Fyrirlesturinn, sem nú er aðgengilegur í formi myndbanda, er einnig afar gagnlegur öllum þeim sem starfa með börnum í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Á Sumarsmiðjum 2020 var einnig boðið upp á námskeið sem ætlað er að efla þekkingu kennara á ADHD röskuninni og þeim áskorunum sem henni fylgja. Fjallað var um kvíða og depurð og hvernig hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra. Að auki var farið yfir hagnýtar leiðir í kennslu barna með ADHD og hvernig hægt er að auka getu þeirra til náms.

Þá var á Sumarsmiðjum 2020 einnig boðið upp á námskeið um félagsfærni og sjálfseflingu með áherslu á hegðun og bekkjarstjórnun. Námskeiðið var boðið í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og var metið til 5 ECTS eininga. Tilgangur námskeiðsins var að þátttakendur efli þekkingu sína á aðferðum sem stuðla að æskilegri hegðun nemenda. Þeir lærðu að beita árangursríkum aðferðum sem byggja á trausti og virðingu, styðja við félagsfærni og sjálfseflingu nemenda sinna og stuðla að bættri líðan þeirra.

Þá hefur skóla- og frístundaráð tvisvar veitt styrki til ADHD samtakanna til að fræða kennara, leiðbeinendur og aðra sem starfa með börnum með ADHD. Auðvelt og mikilvægt er að taka tillit til þessara einstaklinga, hvað sem líður greiningum og oftast en ekki fela lausnirnar í sér betra skóla- og tólmundastarf fyrir alla - ekki bara þá sem eru með ADHD. ADHD samtökin hafa þróað og skipulagt vönduð námskeið fyrir kennara, leiðbeinendur og aðra sem starfa með börnum með ADHD, sem geta gjörbreytt skólastarfinu að þessu leyti.

Skóla- og frístundaráð styrkti skólaárið 2019 – 2020 samstarfsverkefni nokkurra grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, þjónustumiðstöð hverfisins ásamt einni félagsmiðstöð og einu frístundaheimili um 4 millj. kr. Verkefnið snýr að skólafélagsfærni (PEERS) og er því ætlað að auka við þekkingu fagmenntaðs starfsfólks í að kenna börnum félagsfærni eftir raunprófaðri aðferð sem hefur gefið góðan árangur og aðlaga hana að íslenskum aðstæðum.